

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 143/2021**

**frá 23. apríl 2021**

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1342 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar lofthleypni ofanljósa úr plasti og gleri og þaklúga <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzq (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1188) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„1zzr. **32019 R 1342**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1342 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar lofthleypni ofanljósa úr plasti og gleri og þaklúga (Stjtið. ESB L 211, 12.8.2019, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1342, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 211, 12.8.2019, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*